

Handrit og prent

Meðal gripanna eru all nokkur handrit og prentaðar bækur. Flest eru þau úr safni Helga Sigurðssonar á Melum og mörg hver mikill fengur og viðbót við það sem fyrir er varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Að megninu til eru þetta skrif veraldlegs efnis en þó er eitthvað um trúarleg rit. Þeirra á meðal eru grallarar (sálmabækur) frá 17. öld, Hústafla frá 1734 og „saltari“ (Davíðssálmar) frá 1775. Af veraldlegum skrifum er um að ræða bæði prent og handrit, skjöl og bækur. Af prentuðum ritum má nefna *Landnámu* og *Sögu Ólafs konungs Tryggvasonar*, hvoru tveggja prentaðar í Skálholti á síðari hluta 17. aldar, *Plánetubók* frá 1764 og *Latínubók*, prentaða í París árið 1551. Handritin eru all fjölbreytileg. Þar er t.a.m. að finna nokkur 18. aldar kaupmálabréf, trúlofunarbréf rituð af prestum þar sem tilteknir eru helstu skilmálar varðandi útgjöld við giftingar, s.s. morgungjafir o.fl. Þarna er og að finna samning er varðar veiðirétt á sel, stafrófsuppskriftir frá 18. og 19. öld, sendibréf, Jónsbókarhandrit frá fyrri hluta 17. aldar, Eyrbyggju frá 18. öld og kálfskinnskjal frá 1619 með innsiglium þar sem upp eru skrifaðir fimm samningar varðandi heimanmund, bænhusgjörð og kaup og sölu á jörð, allir frá fyrstu áratugum 16. aldar. Einnig er að finna litaða teikningu eftir prentmynd úr *Ólafs sögu Tryggvasonar*. Bækurnar og skjölin eru í misgóðu ástandi og sum hver þóttu of viðkvæm til að fara á sýninguna sem nú ber fyrir augu manna í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Í skýrslu séra Helga Sigurðssonar (sem getið er um í kafla um safn hans hér framar í ritinu) kemur fram að nokkur ritanna voru í slæmu ástandi þegar honum áskotnaðist þau. Í sumum tilfellum settu synir hans, eða hann sjálfur, ritin í ný bönd og er ekki annað að sjá en að þeim hafi tekist nokkuð vel til. Í nokkrum tilfellum hafa þeir bundið tvær eða fleiri bækur saman í eitt band. Umrædd handrit og prent bíða nú frekari rannsókna áhuga- og fræðimanna.¹

Lilja Árnadóttir

¹ Jónas Kristjánsson. *Vérlituð skrá yfir handrit í Nordiska museet*, gerð í nóvembermánuði árið 1966.